

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar vegna verslunar- og þjónustusvæðis (VP13), byggingarmagn og íbúðir á efri hæðum.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti, 13. júlí 2026, breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 31. mars 2026.

Í breytingunni felast auknar heimildir á verslunar- og þjónustusvæði, VP13. Heimilt verður að reisa 2ja-3ja hæða byggingar auk kjallara eða að hluta til niðurgrafinnar jarðhæðar, með íbúðum á efri hæðum. Á svæðinu skal vera að lágmarki 1.000 m² verslunar- og þjónustustarfsemi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, 13. júlí 2026.

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 14. júlí 2026